

## Verkefni: Amigo

### Styrkþegi: Rauði krossinn í Reykjavík

#### Samantekt

Í Amigo verkefninu fær ungt fólk af erlendum uppruna tækifæri til að læra íslensku og kynnast íslenskri menningu um leið og þau kynna sitt eigið tungumál og menningu fyrir ungmenni af íslenskum uppruna.

#### Hvað gera Amigo vinir?

Amigo vinir eru valdir saman á grundvelli áhugamála og tungumálakunnáttu. Þeir hittast a.m.k tvisvar í mánuði í 2-3 tíma. Amigo vinir geta gert ýmislegt skemmtilegt saman en valið fer eftir áhuga hvers og eins. Þátttakendur eru hvattir til að kynna áhugamál sín og menningu fyrir hvort öðrum og veita aðstoð ef þarf, s.s. með heimanám og tungumál.

#### Einingar fyrir þátttöku

Tækniskólinn bauð þátttakendum einingar fyrir þátttöku í Amigo verkefninu. Amigo vinir byrjuðu á því að fara á námskeið hjá Rauða krossinum í Reykjavík til að undirbúa sig fyrir verkefnið. Verkefnið varir í 5 mánuði og eru haldnir reglulega stöðufundir með þátttakendum á meðan á verkefninu stendur. Amigo verkefnið er unnið í samstarfi við Alþjóðatorg ungmenna og Rauða kross Íslands.

#### Árangur

Verkefnið hefur gengið nokkuð vel og hefur þessi hópur verið töluvert líkur öðrum hópum sem við höfum fengið inn á borð til okkar. Sú tilraun að bjóða karla velkomna í verkefnið hefur verið áhugaverð. Áhugi og þörf fyrir slíkt verkefni var mikill og voru strákarnir mun opnari fyrir verkefninu en stelpurnar, en erfiðara gekk að fá góða íslenska sjálfboðaliða til að taka þátt í verkefninu.

Í karlahópnum eru pörin mjög ólík, þar á meðal eru pör sem ganga ótrúlega vel, mikill metnaður er lagður í sambandið og eru þeir aðilar sem eru hluti af þessum samböndum mjög ánægðir með þátttökuna. Í öðrum pörum, gengur erfiðlega að ná þátttakendum saman, tímaleysið er mikið og metnaður fyrir starfinu er lítill sem enginn. Má ætla að bæði þátttakendur og sjálfboðaliðar í þessum samböndum eigi hlut að máli.

# Project: Amigo

Grantee: Icelandic Red Cross Reykjavik branch

## **Abstract**

The Amigo partner program helps young people to learn Icelandic and get to know Icelandic culture, while teaching their own language and culture to an Icelandic youth. In this way both Amigos benefit from the exchange of knowledge.

## **What do Amigos do?**

Amigos are paired depending on their interests and language requirements. Amigos meet at least twice a month, for 2-3 hours. They can do all kinds of activities together, depending on their interests. Amigos are encouraged to introduce their interests and culture to their amigo and help each other with homework and language progress.

## **Credits for participation**

Tækniskólinn offers participants credits for participation in the Amigo program. Amigos begin by taking a course at the Icelandic Red Cross to prepare for the program. The Amigo program lasts for 5 months. During this time the Red Cross will hold regular meetings with each Amigo. The Amigo program is offered in cooperation with the Intercultural Square and the Icelandic Red Cross.

## **Results**

The Amigo project has gone well and this group has been quite similar to other groups that we have worked with. The new angle of the project was to offer men welcomed has been interesting. The need was clear and male participants were more interested and open for the project than the female participants, but it turned out to be harder to get good Icelandic volunteers to participate in the project.

Within the male group, the pairs differ quite a bit. Around half of them work out very well, there is great ambition to make the most out of the project and both partners put their effort into it. Those who are participants in these relationships are very happy with the outcome. In other pairs, it is hard to get the participants to get together, the lack of time is used as an excuse for not meeting. I assume that both partners are not putting the effort into the relationship as needed for it to work.